

BORGARRÁÐ 2. febrúar 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um samningsmarkmið Reykjavíkurborgar - MSS23020018

Reykjavíkurborg hefur sett fram samningsmarkmið vegna uppbyggingarsvæða í Reykjavík, á nýjum byggingarreitum er oft samið um kauprétt Félagsbústaða á 5% íbúða og að 20% íbúða verði skilgreindar sem leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., búseturéttaríbúðir og/eða íbúðir fyrir aldraða. Hafa samningsmarkmiðin alltaf náð fram að ganga? Hversu margar íbúðir hafa farið til Félagsbústaða vegna þessara samningsmarkmiða og hversu margar hafa verið skilgreindar sem leiguíbúðir vegna samningsmarkmiða á síðustu fimm árum?